











Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Polityka Praw Człowieka Miasta Reykjavik




efnisyfirlit

Um Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	4
Orðskýringar	6
1. Grundvöllur mannréttindastefnunnar og bann við mismunun	14
2. Jafnrétti kynja	18
3. Aldur	20
4. Fötlun	22
5. Heilsufar og líkamlegt atgervi	24
6. Holdafar og líkamsgerð	26
7. Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni	28
8. Trúarbrögð, lífs-, stjórnámálaskoðanir og trúleysi	30
9. Uppruni og þjóðerni	32
10. Umhverfi	34
11. Öryggi	36
Hafðu samband	38



spis treści

O Polityce Praw Człowieka Miasta Reykjavik	5
Słownik	6
1. Podstawa Polityki Praw Człowieka oraz zakaz dyskryminacji	14
2. Równość płci	18
3. Wiek	20
4. Niepełnosprawność	22
5. Stan zdrowia i możliwości fizyczne	24
6. Fizyczność i budowa ciała	26
7. Orientacja seksualna, tożsamość lub ekspresja płciowa, cechy płciowe	28
8. Religia, poglądy życiowe i polityczne, ateizm	30
9. Pochodzenie i narodowość	32
10. Środowisko	34
11. Bezpieczeństwo	36
Skontaktuj się z nami	38



Um Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

Mannréttindastefnan var fyrst samþykkt í borgarstjórn 16. maí 2006. Síðasta endurskoðaða útgáfan var samþykkt í borgarstjórn 18. október 2016.

Mannréttindaráði er falið að fylgja stefnunni eftir og vinna starfsáætlanir á grundvelli hennar. Ráðinu ber einnig að kynna stefnuna, stuðla að þekkingaröflun og miðla upplýsingum.

Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar er falið að vinna að nánari útfærslu stefnunnar. Mannréttindaskrifstofan stendur einnig vörð um að borgarbúum og starfsfólki borgarinnar sé ekki mismunað af hálfu Reykjavíkurborgar.

Stjórnendum og starfsfólki Reykjavíkurborgar ber að tryggja virðingu fyrir mannréttindum á vinnustöðum hennar og í þjónustu.

Bæklingurinn er stytt útgáfa af mannréttindastefnunni en stefnan í heild er á íslensku og ensku á vef mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar:

reykjavik.is/mannrettindi



O Polityce Praw Człowieka Miasta Reykjavik

Polityka Praw Człowieka została po raz pierwszy uchwalona 16 maja 2006 roku. Ostatnia aktualizacja, została uchwalona przez Radę Miasta 18 października 2016 roku.

Rada Praw Człowieka jest odpowiedzialna za przestrzeganie polityki oraz pilnuje, aby opracowywane plany działania były z nią zgodne. Rada ma również za zadanie informować i wspierać promocję wiedzy o polityce.

Biuro Praw Człowieka ma za zadanie realizację polityki oraz zagwarantowanie, aby mieszkańcy i pracownicy miasta nie byli dyskryminowani przez miasto Reykjavik jako instytucję.

Władze i pracownicy miasta Reykjavik muszą zapewnić poszanowanie praw człowieka w swoich miejscach pracy oraz w oferowanych usługach.

Ta broszura jest skróconą wersją Polityki Praw Człowieka. Pełna wersja jest dostępna w języku islandzkim i angielskim na stronie Biura Praw Człowieka Miasta Reykjavik: **reykjavik.is/mannrettindi**



Orðskýringar

Fordómar:

Fyrirfram gefnar hugmyndir sem ekki byggja á rökum eða reynslu. Fordómar geta verið jákvæðir eða neikvæðir og byggja oft á staðalmyndum um hópa, sjá orðskýringar um staðalmyndir. Fordómar og mismunun haldast venjulega í hendur og geta leitt til félagslegrar útskúfunar og undirokunar ákveðinna hópa. Fordómar liggja því oft til grundvallar því misrétti og mismunun sem fólk er beitt.

Fötlun og fötlunarfóðómar:

Oft er gerður greinarmunur á skerðingum og fötlun. Skerðingar eru líffræðilegar og geta verið líkamlegar, andlegar eða falið í

Słownik

Uprzedzenia:

Osąd, ocena nie poparta argumentami lub doświadczeniami. Uprzedzenia mogą być pozytywne lub negatywne i wynikają często ze stereotypów powiązanych z określonymi grupami, zobacz stereotypy w słowniku. Uprzedzenia i dyskryminacja najczęściej idą w parze i mogą prowadzić do wykluczenia społecznego i prześladowania określonych grup. Uprzedzenia są często podstawą nierówności i dyskryminacji wobec ludzi.

Niepełnosprawność i uprzedzenia wobec osób z niepełnosprawnością:

Często traktuje się upośledzenia i niepełnosprawność jako różne pojęcia. Upośledzenia są natury biologicznej i mogą być fizyczne, umysłowe lub polegać na ograniczeniu

sér takmarkanir á virkni. Fötlun er hins vegar félagslega mótuð og birtist sem útilokun eða takmörkun á samfélagsþátttöku fólks með ýmsar skerðingar til jafns við aðra í daglegu lífi. Fötlun er því tilkomin vegna samfélagslegra hindrana. Það hvort tiltekin skerðing leiðir til fötlunar er bundið aðstæðum í samfélaginu og hversu vel samfélagið gerir ráð fyrir mannlegum margbreytileika. Mannréttindabaráttta fatlaðs fólks beinist meðal annars að viðhorfum sem eru stundum kölluð fötlunarfordómar (e. ableismi og hefur það hugtak einnig verið notað á íslensku) og fela í sér að fatlað fólk sé minna virði en ófatlað fólk og að útilokun þess eða jaðarsetning í samfélaginu sé eðlileg.

Intersex:

Fólk sem hefur líffræðileg kyneinkenni sem ekki er auðveldlega hægt að flokka sem annað hvort karl- eða kvenkyns. Í baráttu intersex fólks er lögð áhersla á að það fái sjálft að ákveða kyn sitt, og þá hvort og hvernig læknisfræðilegar aðgerðir það vilji gangast undir.

określonej aktywności. Natomiast niepełnosprawność postrzegana jest jako problem społeczny i przejawia się, jako wykluczenie lub ograniczenie uczestnictwa społecznego w życiu codziennym osób z różnymi upośledzeniami w porównaniu z innymi osobami. Niepełnosprawność wynika zatem z barier społecznych. To, czy konkretne ograniczenie prowadzi do niepełnosprawności, jest związane z sytuacją społeczeństwa i jego dostosowaniem do różnorodności społecznej. Walka o prawa człowieka osób z niepełnosprawnością obejmuje między innymi walkę z poglądami, które oparte są na uprzedzeniach wobec osób z niepełnosprawnością (np. ableizm). Poglądy te sugerują, że osoby z niepełnosprawnością są mniej wartościowe niż osoby pełnosprawne i że ich wykluczenie lub marginalizacja w społeczeństwie jest normalna.

Interseksualność:

Osoby posiadające biologiczne cechy płciowe, których nie da się jednoznacznie sklasyfikować jako męskie lub żeńskie. Stowarzyszenia osób interseksualnych walczą o prawo do samodzielnego podjęcia decyzji o swojej płci oraz jakim zabiegom medycznym zostaną poddani.

Jafnréttislög:

Jafnréttislög eru íslensk lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir í 1. grein: „Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“

Jafnræðisreglan:

Jafnræðisreglan eða bann við mismunun er ein grunnhugmynd mannréttinda. Hana er að finna í helstu mannréttindasamningum og í 65. grein stjórnarskrárinnar. Reglan kveður á um að allar manneskjur skuli njóta mannréttinda, séu jafnar fyrir lögum og ekki skuli mismuna þeim á grundvelli tiltekinna eiginleika eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Kyn:

Nær yfir konur, karla og önnur kyn (sjá orðskýringu við trans fólk). Í kaflanum um jafnrétti kynja, er átt við jafnrétti allra kynja þ.m.t. fólks sem ekki skilgreinir kyn sitt. Kyn (e. sex) hefur verið notað til að vísa til þeirra líffræðilegu þátta sem gera manneskjur karlkyns eða kvenkyns. Kyngervi (gender) hefur síðan verið notað yfir „félagslegt kyn“, og vísar til þeirra eiginleika og hlutverka

Ustawa o równości płci:

Ustawa o równości płci stanowi w prawie islandzkim o równym statusie i równych prawach dla kobiet i mężczyzn. W art. 1 mowa jest o tym, że: „Wszystkie osoby posiadają równe możliwości wykorzystania własnych kompetencji i rozwoju swoich umiejętności, niezależnie od płci.“

Zasada równości szans:

Zasady równości szans lub zakazu dyskryminacji jest podstawową koncepcją praw człowieka. Można ją znaleźć w najważniejszych traktatach praw człowieka oraz w art. 65 Konstytucji islandzkiej. Zasada przewiduje, że wszyscy ludzie korzystają z praw człowieka, są równi wobec prawa i nie mogą być dyskryminowani ze względu na określone cechy lub inne nieobiektywne przyczyny.

Płeć kulturowa/gender:

Dotyczy kobiet, mężczyzn i innych płci (zobacz: osoby transpłciowe). Rozdział dotyczący równości płci odnosi się do równości wszystkich płci, jak również osób, które nie definiują swojej płci. Słowo płeć używane jest do określenia cech biologicznych służących do skategoryzowania osób jako kobiet lub

sem eignuð eru körlum og konum og þeirra ólíku væntinga sem gerðar eru til þeirra. Kyngervi eru ólík eftir menningarheimum og félagslegri stöðu (s.s. uppruna eða líkamlegu atgervi) og hægt er að tala um mörg ólík kyngervi kvenna og karla á hverjum tíma.

Kynbundin áreitni:

Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynbundið ofbeldi:

Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður. Einnig hótun um slíkt, þvingun eða svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kyneinkenni:

Kyneinkenni ná yfir líffræðileg sérkenni s.s. litninga, kynkirtla, æxlunarfæri, uppbyggingu kynfæra, og hormónastarfsemi

mężczyzn. Pojęcie gender używane jest do określenia „płci społecznej” i określa cechy i role przypisane mężczyznom i kobietom oraz różne wobec nich oczekiwania społeczne. Cechy płci kulturowej są różne w zależności od kultury oraz sytuacji społecznej (np. pochodzenia lub cech fizycznych). Płeć społeczna kobiet i mężczyzn jest zmienna.

Molestowanie ze względu na płeć:

To określone zachowania, związane z płcią osoby, które są niepożądane i mają na celu obrażę godności osoby lub wpływają na stworzenie okoliczności, które są nieprzyjemne, stanowią zagrożenie, są obraźliwe i napastliwe wobec danej osoby.

Przemoc ze względu na płeć:

Przemoc ze względu na płeć to zachowanie, które prowadzi, lub może prowadzić do fizycznej, seksualnej lub psychicznej szkody lub cierpienia ofiary. Są to również groźby, zastraszanie lub pozbawienie wolności, zarówno w życiu prywatnym i publicznym.

Cechy płciowe:

To cechy biologiczne charakterystyczne dla danej płci tj. chromosomy, organy płciowe,

sem notuð eru til að setja fólk í flokka sem konu, karl eða annað (sjá intersex). Einnig til þáttar s.s. vöðvauppbyggingar, dreifingar hárs, brjóstavaxtar og/eða hæðar.

Kynhneigð:

Segir til um það hverjum fólk getur orðið skotið í, ástfangið af og laðast að. Fólk getur laðast að einhverjum af öðru kyni, af sama kyni, sumt fólk laðast að körlum og konum og sumt pællir aldrei í kyni þess sem það laðast að. Aðrir laðast ekki að neinum. Kynhneigð getur verið alls konar, hún getur tekið breytingum og er mismunandi hjá hverjum og einum.

Kynferðisleg áreitni:

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

cechy anatomiczne i układ hormonalny, używane do skategoryzowania osób jako mężczyzn i kobiety lub innych (zobacz: interseksualność). Do cech płciowych zaliczane są również takie cechy jak np. umięśnienie, owłosienie w określonych miejscach, budowa piersi i/lub wzrost.

Orientacja seksualna:

Trwały emocjonalny, romantyczny i seksualny pociąg do osób określonej płci. Osoby mogą odczuwać pociąg do innych osób przeciwnej lub tej samej płci. Niektóre osoby odczuwają pociąg zarówno do kobiet jak i mężczyzn, innych pociąga osobowość i nie przywiązują wagi do płci. Niektórzy nie odczuwają pociągu do nikogo. Orientacja może przejawiać się w wielu formach, może ewoluować i zmieniać się w czasie.

Molestowanie seksualne:

Jakiegolwiek niepożądane zachowanie o charakterze seksualnym, mające na celu i zmierzające do, lub którego efektem jest, obrażenie lub znieważenie danej osoby. W szczególności, kiedy zachowanie prowadzi do zagrożenia, poniżającej, upokarzającej lub obraźliwej sytuacji. Zachowanie może być werbalne, symboliczne lub fizyczne.

Kyntjáníng:

Tjáning kyngervis með blöndu af klæðnaði, háttalagi, félagshegðun og fleiri þáttum. Almennt mæld á skalanum á milli karlmann-leika og kvenleika.

Kynvitund:

Segir til um hvernig við viljum lifa og vera í okkar kyni. Kynvitund hefur ekki með kynfæri, líffræði eða útlit að gera, heldur upplifun okkar af eigin kyni. Sumt fólkl upplifir sig sem karla, sumt upplifir sig sem konur, sumt upplifir sig sem blöndu af hvoru tveggja og sumir upplifa sig hvorki sem konu né karl.

Kynþáttahyggja (e. racism):

Hugmyndafræði sem byggir á að mannkynið skiptist í kynstofna og að á þessum kynstofnum sé áberandi munur á eiginleikum svo sem greind, glæpahneigð, kynhegðun, dugnaði og svo framvegis, en einnig að hægt sé að þekkja þessa hópa í sundur á útlitinu. Oft felst í þessu viðhorfi að einhver einn eða fáir hópar séu æðri og betri en hinir og eru fordómar eitt aðaleinkenni kynþáttahyggjunnar.

Ekspresja płciowa:

Sposób w jaki dana osoba wyraża swoją płęć np. poprzez ubiór, styl bycia, zachowania społeczne itd. z reguły mierzone w skali pomiędzy męskością a kobiecością.

Tożsamość płciowa:

Określa sposób w jaki osoba utożsamia się ze swoją płcią. Tożsamość płciowa nie ma związku z organami rozrodczymi, biologią ani wyglądem, ale z doświadczaniem naszej własnej płci. Niektóre osoby doświadczają się jako mężczyźni, niektórzy doświadczają się jako kobiety, inni doświadczają siebie jako kombinacja obu, a niektórzy nie doświadczają siebie ani jako kobiety ani mężczyźni.

Rasizm: (dystryminacja rasowa)

To ideologia oparta na przekonaniu, że ludzkość dzieli się na rasy i że istnieje między nimi duża różnica np. w posiadanej inteligencji, tendencji do popełniania przestępstw, zachowań seksualnych, pracowitości itd., jak również, że możliwe jest rozróżnienie tych grup ze względu na wygląd. Ideologia ta często zawiera w sobie pogląd, że jedna lub kilka grup jest nadrzędna i lepsza od innych grup. Upředzenia są jedną z głównych charakterystyk rasizmu.

Mannréttindi:

Mannréttindi byggjast á jafnrétti, þ.e. að allar manneskjur fæðist frjálsar og jafnar að réttindum og virðingu. Mannréttindi voru fyrst skilgreind á alþjóðavettvangi í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna 1948, en hún fjallar um mannréttindi sem flokkast í borgaraleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Markkynja:

Manneskja með kyneinkenni sem er auðveldlega hægt að flokka sem annað hvort karlkyns eða kvenkyns (er ekki intersex).

Mismunun:

Getur verið bæði bein mismunun, þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar við sambærilegar aðstæður og óbein mismunun, þegar ákvörðun sem á að hafa sömu áhrif á alla (til dæmis skipulagning þjónustu) kemur verr við ákveðinn hóp fólks. Til þess að allir geti notið jafnræðis þarf þess vegna að aðlagja þjónustu að þörfum ólíkra hópa eða beita sértækum aðgerðum til að bregðast við lakari stöðu einhvers þeirra.

Prawa człowieka:

Prawa człowieka oparte są na zasadzie równości tzn. że wszyscy ludzie rodzą się wolni i mają prawo do równych praw i szacunku. Prawa człowieka zostały po raz pierwszy zdefiniowane na arenie międzynarodowej w Deklaracji Praw Człowieka Narodów Zjednoczonych w 1948 roku. Deklaracja dotyczy praw człowieka, które zostały zaklasyfikowane do praw obywatelskich, politycznych, gospodarczych, społecznych i kulturalnych.

Osoba diadyczna:

Osoba, posiadająca biologiczne cechy płciowe, która może być łatwo sklasyfikowana jako mężczyzna lub kobieta (nie są one osobami interseksualnymi).

Dyskryminacja:

Istnieje dyskryminacja bezpośrednia, np. gdy dana osoba jest mniej uprzywilejowana niż inna w podobnych okolicznościach, jak i dyskryminacja pośrednia, gdy podjęta decyzja, mająca wpływ na wszystkie grupy (na przykład planowaniu usług) jest bardziej niekorzystna dla jednej z grup niż dla innej grupy. Aby wszyscy mogli korzystać z tych samych praw, należy dostosować usługi

Sís, eða sís-kynja:

Fólk sem býr yfir kynvitund sem samræmist kyninu sem því var úthlutað við fæðingu (er ekki trans).

Staðalmyndir:

Eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins. Hugmyndirnar geta snúist um það hvernig þessi hópur er, hvernig hann á að hegða sér og hvaða störf eru við hæfi fólks sem tilheyrir honum svo dæmi sé tekið.

Trans, eða trans fólk:

Regnhlífarheiti yfir fólk sem býr yfir kynvitund sem samræmist ekki úthlutuðu kyni að einhverju eða öllu leyti. Þar undir eru trans karlar, trans konur, fólk sem fer í kynstaðfestandi aðgerðir, fólk sem vill ekki aðgerðir, fólk sem vill hvorki skilgreina sig sem konu né karl, eða skilgreinir sig sem blöndu af báðum (kynsegin fólk).

do potrzeb różnych grup lub zastosować określone działania mające na celu poprawę sytuacji określonej grupy.

Cisseksualość:

Osoby, których tożsamość płciowa jest zgodna z płcią, która została im przypisana w chwili urodzenia (nie są transseksualni).

Stereotypy:


Z góry przyjęte poglądy na temat wyglądu i/lub cech osób należących do określonej grupy lub klasy społecznej. Poglądy te mogą określać, jaka jest określona grupa, jak powinna się zachowywać i jakie np. miejsca pracy są dla niej odpowiednie.

Osoby transseksualne:

Pojęcie określające osoby, które postrzegają swoją płeć w inny sposób niż ogólnie przyjęty. Obejmuje ono mężczyzn transseksualnych, kobiety transseksualne oraz osoby, które poddały się operacji korekty płci, osoby, które nie decydują się na zabiegi operacyjne osoby, które nie chcą określać się jako kobiety lub mężczyźni, lub określają siebie jako połączenie obu płci (niebinarne płciowo).



1.



Grundvöllur mannréttinda- stefnunnar og bann við mismunun

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar byggir á alþjóðlegum mannréttindasamningum, jafnréttislögum og jafnræðisreglunni.

- > Jafnræðisreglan eða bann við mismunun er ein grunnhugmynd mannréttinda. Hana er að finna í helstu mannréttindasamningum og í 65. grein stjórnarskrárinnar.
- > Reglan kveður á um að allar manneskjur skuli njóta mannréttinda, séu jafnar fyrir lögum og ekki skuli mismuna þeim á grundvelli tiltekinna eiginleika eða af öðrum ómálafnægum ástæðum.

Podstawa Polityki Praw Człowieka oraz zakaz dyskryminacji


Polityka Praw Człowieka Miasta Reykjavík opiera się na międzynarodowym traktacie dotyczącym praw człowieka, zawartym w ustawie o równouprawnieniu oraz zasadzie równości.

- > Zasada równości lub zakaz dyskryminacji jest jednym z podstawowych pojęć praw człowieka. Można ją znaleźć w większości traktatów dotyczących praw człowieka oraz w artykule 65 Konstytucji Islandzkiej.
- > Zasada przewiduje, że wszyscy ludzie powinni korzystać z praw człowieka, w rozumieniu prawa są oni równi i nie powinni być dyskryminowani ze względu na określone cechy lub z powodu innych nieokreślonych powodów.



- > Mannréttindastefnan miðar að því að allir borgarbúar njóti jafns réttar án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmála-skoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvit-undar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.
- > Þegar tekna eru ákvarðanir sem gætu haft mismunandi áhrif á fólk út frá ólíkri stöðu skal Reykjavíkurborg ráðfæra sig við félagasamtök sem berjast gegn mismunum á grundvelli þeirrar stöðu. Mannréttindastefnan miðar að virkri þátttöku í borgarsamfélaginu og tekur fram að meta skuli framlag hvers og eins að verðleikum.

- > Polítika Praw Człowieka ma na celu zapew-nienie równego traktowania mieszkańców, niezależnie od ich pochodzenia, narodowości, klasy społecznej, języka, koloru skóry, religii, poglądów życiowych i politycznych, ateizmu, płci społecznej, orientacji seksualnej, tożsa-mości lub ekspresji płciowej, cech płciowych, wieku, niepełnosprawności, fizyczności, budowy ciała, stanu zdrowia, możliwości lub jakiegokolwiek innego stanu.
- > Miasto Reykjavík podejmując decyzje, które mogą mieć różny wpływ na ludzi z powodu ich położenia, musi konsultować się z organi-zacjami walczącymi z dyskryminacją na rzecz określonych grup. Polityka Praw Człowieka stawia sobie za cel aktywne uczestnictwo w życiu społeczeństwa i potwierdza, że wkład każdej osoby powinien być doceniany.



> Rauði þráðurinn í mannréttindastefnunni er áherslan á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þessi áhersla skal vera sýnileg og samþætt allri starfsemi og stefnumótun borgarinnar. Með samræmdri mannréttindastefnu er unnið gegn margþætttri mismunun og lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til.

> Myślą przewodnią Polityki Praw Człowieka jest nacisk na równy status kobiet i mężczyzn. Ten nacisk powinien być widoczny i włączony do wszystkich prac i polityki miasta. Poprzez spójną politykę praw człowieka przeciwdziała się dyskryminacji wielokrotnej, kładąc nacisk na całościową perspektywę, której celem jest dobro wszystkich mieszkańców miasta, z których wielu należy do więcej niż jednej z grup, które polityka obejmuje.

Margþætt mismunun

Margþætt mismunun á sér stað þegar fólk verður fyrir mismunun á grundvelli tveggja eða fleiri mismununarþátta.

Dæmi um margþætta mismunun á grundvelli fötlunar og kyns:

Helmingi algengara er að fatlað fólk verði fyrir ofbeldi en ófatlað fólk. Fatlað fólk verður einnig fyrir meiri mismunun á vinnumarkaði en ófatlað fólk.

Konur eru beittar kynferðislegu ofbeldi í meira mæli en karlar. Þær verða einnig fyrir meiri mismunun á vinnumarkaði.

Fatlaðar konur verða fyrir margþættri mismunun á grundvelli fötlunar og kyns. Þær eru tvöfalt líklegri til að vera atvinnulausar heldur en fatlaðir karlmenn og samkvæmt rannsóknnum hefur ríflega þriðjungur fatlaðra kvenna verið beittur líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í nánú sambandi en 21% ófatlaðra kvenna. Fatlaðar konur eru jafnframt líklegri til að þola ofbeldi yfir lengri tíma og leita sér síður hjálpar vegna skorts á aðgengilegum úrræðum.

Dyskryminacija wielokrotna

Dyskryminacija wielokrotna ma miejsce, gdy osoby są dyskryminowane z powodu dwóch lub więcej czynników dyskryminacji.

Przykłady dyskryminacji wielokrotnej ze względu na niepełnosprawność i płeć:

Prawdopodobieństwo, że osoby z niepełnosprawnością będą ofiarami przemocy jest dwa razy większe niż w przypadku osób pełnosprawnych. Osoby z niepełnosprawnością są również dyskryminowane na rynku pracy w dużo większym stopniu niż osoby pełnosprawne.

Kobiety są znacznie częściej ofiarami przemocy seksualnej niż mężczyźni. Są również bardziej dyskryminowane na rynku pracy.

Kobiety z niepełnosprawnością doświadczają dyskryminacji wielokrotnej za względu na niepełnosprawność i płeć. Prawdopodobieństwo, że będą bezrobotne jest dwa razy większe w porównaniu do mężczyzn z niepełnosprawnością. Badania wskazują, że ponad jedna trzecia kobiet z niepełnosprawnością pada ofiarą przemocy seksualnej w bliskich kontaktach, w porównaniu do 21% kobiet pełnosprawnych. Kobiety z niepełnosprawnością doświadczają również przemocy przez dłuższy czas i rzadziej szukają pomocy z powodu braku dostosowanych do ich potrzeb rozwiązań.



Jafnrétti kynja

2.

Óheimilt er að mismuna fólki vegna kyns. Hvatt er til jafnrar þátttöku og áhrifa kvenna, karla, sem og fólks af öðrum kynjum og fólks sem ekki skilgreinir kyn sitt, í borgar-samfélaginu. Markvisst skal unnið gegn allri mismunun og hamlandi áhrifum staðlaðra ímynda kynjanna.

Reykjavíkurborg skal m.a.:

- > Taka mið af þörfum og viðhorfum allra kynja við ákvarðanatöku og úthlutun fjármagns.
- > Vinna gegn kynbundnu ofbeldi, klámvæðingu og vændi.
- > Styrkja jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynja í öllu starfi með börnum og unglingum og hvetja þau til að rækta hæfileika sína og persónubroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.
- > Ekki líða kynferðislega eða kynbundna áreitni á vinnustöðum borgarinnar.
- > Tryggja að fólk af öllum kynjum njóti sambærilegra kjara og réttinda.

Równość płci

Dyskryminacja ze względu na płeć jest zakazana. Wskazane jest również zapewnienie równego uczestnictwa i wpływu w życiu miasta kobietom, mężczyznom, osobom innej płci oraz osobom nie definiującym swojej płci. W sposób naceLOWany należy pracować przeciwko dyskryminacji i ograniczającym wpływom stereotypów związanych z płciami.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Brać pod uwagę potrzeby i opinie osób wszystkich płci przy podejmowaniu decyzji oraz przydziale środków finansowych.
- > Podejmować działania zwalczające przemoc ze względu na płeć, pornifikację i prostytutkę,
- > Wspierać pozytywną komunikację oraz obopólny szacunek płci we wszystkich sferach pracy z dziećmi i młodzieżą. Zachęcać ich do pogłębiania swoich umiejętności i rozwoju osobistego bez hamującego wpływu utartego w społeczeństwie obrazu płci.
- > Nie tolerować molestowania seksualnego oraz napastowania ze względu na płeć w miejskich jednostkach pracy.
- > Zapewniać wszystkim osobom bez względu na płeć porównywalne wynagrodzenie i prawa.



Dæmi um mismunun á grundvelli kyns

Hafsteinn sem er leikskólakennari fær þau skilaboð frá leikskólastjóranum þar sem hann vinnur að hann megí ekki skipta á börnunum.

Ástæðan sem skólastjórinn tilgreinir er að hinu starfsfólkinu finnist „óþægilegt“ að karlmaður geri það því hann gæti mögulega misnotað börnin.

Ilmur Snær er intersex og vill ekki skilgreina sig út frá ákveðnu kyni. Ilmur Snær notar persónufornafnið hán. Þegar Ilmur sækir þjónustu hjá Reykjavíkurborg þarf hán að haka við annað hvort karl eða konu á öllum umsóknareyðublöðum eða skráningarsíðum.

Przykład dyskryminacji z powodu płci

Hafstein, nauczyciel przedszkolny, został poinformowany przez swojego przełożonego, że nie może zmieniać dzieciom pieluch. Powodem tego zakazu były, zgłaszane przez personel przedszkola zastrzeżenia co do płci nauczyciela. Zdaniem personelu, ponieważ jest on mężczyzną, może podczas zmieniania pieluchy „wykorzystywać” dzieci.

Ilmur Snær jest osobą interseksualną i nie chce określać się w jednej z płci. Ilmur Snær używa zaimka neutralnego płciowo „hán”. Aby skorzystać z usług Miasta Reykjavik, Ilmur musi określić się we wnioskach/formularzach jako kobieta lub mężczyzna.

3.



Aldur

Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs. Varast ber að líta svo á að allir séu eins þótt þeir tilheyri ákveðnum aldurshópi. Hafa skal jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi í allri þjónustu við eldri borgara, börn og ungmenni.

Reykjavíkurborg skal m.a.:


- > Taka mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu starfi með börnum.
- > Taka ákvarðanir í samráði við fulltrúa ákveðinna aldurshópa svo sem eldra fólks, barna og unglinga þegar ákvarðanir eru teknar sem varða hagsmuni þeirra.
- > Ekki mismuna fólki eftir aldri við ráðningar í störf.

Wiek

Dyskryminacja ze względu na wiek jest zabroniona. Nie należy postrzegać osób z punktu widzenia ich przynależności do określonej grupy wiekowej i patrzeć na konkretną grupę jako jednolitą. Równość kobiet i mężczyzn powinna być zasadą wiodącą we wszystkich usługach dla osób starszych, dzieci i młodzieży.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Stosować przepisy Konwencji praw dziecka ONZ na każdym etapie pracy z dziećmi.
- > Konsultować się z przedstawicielami różnych grup wiekowych, tj. seniorów, dzieci i młodzieży przy podejmowaniu decyzji dotyczących ich interesów.
- > Nie dyskryminować osób ze względu na ich wiek przy zatrudnianiu.



Dæmi um mismunun vegna aldurs

Auður er 58 ára háskólamenntuð kona með mikla starfsreynslu. Hún sækir um nokkur störf hjá Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að menntun hennar og reynsla falli vel að þeim kröfum sem eru gerðar í ráðningarferlinu þar sem vinnuveitandinn vill ráða yngri starfsmann sem er hægt að móta í starfi.

Przykład dyskryminacji ze względu na wiek

Auður jest 58-letnią kobietą z wyższym wykształceniem i dużym doświadczeniem w pracy. Ubiega się ona o pracę w Mieście Reykjavik. Chociaż jej wykształcenie i doświadczenie są zgodne z wymogami wymienionymi w ogłoszeniu o pracę, nie została ona zaproszona na rozmowę, ponieważ pracodawca chce zatrudnić kogoś młodszego, kogo mógłby lepiej uformować w pracy.



Fötlun

4.

Óheimilt er að mismuna fólki vegna fötlunar. Skal fötluðu fólki því tryggðar aðstæður til að taka virkan þátt í borgarsamfélaginu. Varast ber að líta svo á að allir séu eins þó að þeir tilheyrri ákveðnum hópi og sérstaklega þarf að greina stöðu fatlaðs fólks eftir kyni.

Reykjavíkurborg skal m.a.:



- > Taka mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðs fólks af öllum kynjum við skipulagningu þjónustu.
- > Hafa samráð við hagsmunasamtök fatlaða borgarbúa um stefnumótun og ákvörðunartöku.
- > Stuðla að því að færni og framlag fatlaðs fólks til vinnustaða sinna sé viðurkennd í ríkari mæli.
- > Tryggja jafna þátttöku fatlaðs fólks af öllum kynjum í skóla- og tómstundastarfi og veita viðeigandi stuðning til þess að svo megi vera.
- > Vinna á móti ofbeldi gegn fötluðu fólki, sérstaklega fötluðum konum og börnum, sem eru í mestri hættu.

Niepełnosprawność

Dyskryminacja ze względu na niepełnosprawność jest zabroniona. Osoby z niepełnosprawnością powinny mieć zapewnione warunki, które pozwolą im aktywnie uczestniczyć w życiu społecznym miasta.

Miasto Reykjavík będzie, między innymi:

- > Rozważać potrzeby różnych grup osób z niepełnosprawnością wszystkich płci przy organizowaniu usług.
- > Konsultować się z grupami osób z niepełnosprawnościami przy opracowywaniu polityki i podejmowaniu decyzji.
- > Promować działania mające na celu docenianie i rozpoznanie umiejętności oraz wkładu pracy osób z niepełnosprawnością.
- > Zapewniać równy udział osób z niepełnosprawnością wszystkich płci w działalności szkół i centrów rekreacyjnych oraz zapewniać odpowiednie wsparcie dla tej grupy.
- > Zwalczać przemoc wobec osób z niepełnosprawnością, zwłaszcza kobiet i dzieci z niepełnosprawnością, które są najbardziej narażone na przemoc.



Dæmi um mismunun vegna fötlunar

Hæfur umsækjandi, sem jafnframt er blindur, er ekki tekinn til greina við ráðningu í skrifstofustarf þar sem vinnuveitandi gerir ráð fyrir að blint fólk sé ekki jafn fært á tölvur og fólk sem sér.

Przykład dyskryminacji ze względu na niepełnosprawność

Wykwalifikowany kandydat do pracy, który jest niewidomy, nie został wzięty pod uwagę w procesie zatrudniania na stanowisko w biurze, ponieważ pracodawca z góry założył, że osoba niewidoma nie jest w stanie wykonać pracy na komputerze równie dobrze jak osoba widząca.

5.



Heilsufar og líkamlegt atgervi

Óheimilt er að mismuna fólki vegna skerts heilsufars eða líkamlegs atgervis. Allir eiga rétt á virkri þátttöku í borgarsamfélaginu óháð heilsufari, útliti eða líkamlegu atgervi og skal þess sérstaklega gætt að á ekkert kyn halli.

Reykjavíkurborg skal m.a.:



- > Tryggja jafnan aðgang að þjónustu, óháð heilsufari fólks eða líkamlegu atgervi.
- > Ekki láta heilsufarssögu hafa áhrif á ráðningu, kjör eða uppsögn starfsmanns, án málefnalega ástæðna.
- > Hafa fullt samráð við starfsmann ef þörf er á að breyta vinnuskyldu hans.
- > Láta starfsfólk njóta símenntunar og starfsþróunar, óháð heilsufari.

Stan zdrowia i możliwości fizyczne

Dyskryminacja ze względu na stan zdrowia lub możliwości fizyczne jest zabroniona. Każdy ma prawo do aktywnego uczestnictwa w społeczeństwie oraz sprawiedliwego i równego traktowania, niezależnie od stanu zdrowia, wyglądu i możliwości fizycznych, z uwzględnieniem równości płci.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Zapewniać równy dostęp do usług, niezależnie od stanu zdrowia lub możliwości fizycznych.
- > Dbać o to, aby historia stanu zdrowia nie miała wpływu na zatrudnienie, wypłatę lub wypowiedzenie pracy pracownikowi, bez podania obiektywnych przyczyn.
- > Jeżeli zaistnieje taka potrzeba, konsultować się z pracownikami w sprawach dotyczących zmian na ich stanowisku pracy.
- > Zapewniać wszystkim pracownikom dostęp do ustawicznego kształcenia i rozwoju zawodowego, niezależnie od stanu zdrowia.



Dæmi um mismunun vegna skertrar heilsu

Heiða er greind með vefjagigt, kvíða og áfallastreituröskun og hefur þörf fyrir heimaþjónustu. Það tekur eitt ár fyrir Heiðu að fá þjónustuna sem hún þarf og vegna tíðra mannaskipta þarf hún endurtekið að útskýra fyrir starfsfólki hvað þarf að gera, sem er erfitt fyrir hana vegna kvíðans sem hún stríðir við. Vegna skorts á upplýsingagjöf veit hún aldrei hvenær von er á nýrri manneskju inn á heimilið hennar sem er mikið álag á Heiðu þar sem hún þjáist af áfallastreituröskun.

Przykład dyskryminacji ze względu na ubytki w stanie zdrowia

Heiða została zdiagnozowana z fibromialgią, zaburzeniami lęku i zespołem stresu pourazowego, przez co wymaga usług domowych zapewniających przez gminę. Usługa została przyznana po roku oczekiwania. Ze względu na częstą rotację pracowników, Heiða musi tłumaczyć, co mają robić. Jest to dla niej trudne ze względu na jej chorobę i związane z nią lęki. Z powodu braku informacji nigdy nie wie, kiedy nowa osoba przyjdzie do jej domu i ma to wpływ na zdrowie Heiðy, ponieważ zmaga się ona z zespołem stresu pourazowego.

6.




Holdafar og líkamsgerð

Óheimilt er að mismuna fólki vegna holdafars, útlits eða líkamsgerðar. Reykjavíkurborg lítur svo á að fordómar og mismunun í tengslum við holdafar séu félagslegt óréttlæti sem beri að vinna gegn.

Reykjavíkurborg skal m.a.:

- > Hafa samráð við hagsmunasamtök á sviði líkamsvirðingar þegar ákvarðanir eru teknar sem gætu haft áhrif á fólk í ljósi holdafars eða líkamsgerðar.
- > Sjá til þess að rætt sé um ólíkar líkamsgerðir og útlit á jákvæðan og fordómalausan hátt í skólasterfi.
- > Sjá til þess að heilsueflingarstarf í skólum og frístundaheimilum sé laust við neikvæð skilaboð um holdafar, útlit eða líkamsgerð.




Fizycznosc i budowa ciała

Dyskryminacja ze względu na fizyczność, wygląd oraz budowę ciała jest zabroniona. Miasto Reykjavík uważa, że uprzedzenia i dyskryminacja ze względu na fizyczność są społeczną niesprawiedliwością, której należy przeciwdziałać.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Konsultować się z organizacjami pozarządowymi zajmującymi się poszanowaniem fizyczności przy podejmowaniu decyzji, które mogłyby mieć wpływ na osoby z powodu ich fizyczności lub budowy ciała.
- > Dbać o to, aby zagadnienie dotyczące różnej budowy ciała i wyglądu były omawiane w szkołach w sposób pozytywny i wolny od uprzedzeń.
- > Upewniać się, że działania prozdrowotne w szkołach i świetlicach nie zawierają negatywnych przekazów o fizyczności, wyglądzie i budowie ciała.



Dæmi um mismunun á grundvelli holdarfars eða líkamsgerðar

Mario sækir um starf þar sem hann þarf að vera með mannaforráð og er boðaður í viðtal. Hann fær ekki starfið. Á fundinum þar sem ákvörðun var tekin um ráðningu var talið að hann gæti ekki stjórnað fólki þar sem hann geti „augljóslega ekki stjórnað eigin þyngd“.

Przykład dyskryminacji ze względu na fizyczność i budowę ciała

Mario złożył podanie o pracę na stanowisko, które obejmuje nadzorowanie pracowników i został zaproszony na rozmowę kwalifikacyjną. Nie został jednak przyjęty do pracy. Na spotkaniu, gdzie podejmowano decyzję o zatrudnieniu, stwierdzono że nie będzie on w stanie prawidłowo kontrolować pracowników, jeżeli „wyraźnie nie potrafi kontrolować swojej własnej wagi”.



Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni

Óheimilt er að mismuna fólki vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna. Ekki skal ganga út frá því að allt fólk sé gagnkynhneigt, sís eða markkynja.

Reykjavíkurborg skal:


- > Virða rétt fólks til að tjá sig eða tjá sig ekki um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu eða kyneinkenni sín.
- > Sjá til þess að starfsfólk sé meðvitað um að ekki eru öll börn gagnkynhneigð og sís-kynja og eiga ekki öll gagnkynhneigða eða sís-kynja foreldra. Ekki eigi allir heldur tvo foreldra.
- > Veita hinsegin fræðslu í skólum. Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausan hátt.

Orientacjja seksualna, tożsamość lub ekspresja płciowa, cechy płciowe

Dyskryminacja ze względu na orientację seksualną, tożsamość i ekspresję płciową i cechy płciowe jest zabroniona. Nie należy zakładać, że wszyscy ludzie są osobami heteroseksualnymi, cisseksualnymi i diadycznymi.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Respektować prawo osób do wyrażania siebie, bez względu na ich orientację seksualną, tożsamość i ekspresję płciową oraz cechy płciowe.
- > Upewniać się, że pracownicy są świadomi, że nie wszystkie dzieci są osobami heteroseksualnymi lub cisseksualnymi i nie wszyscy rodzice są heteroseksualni lub cisseksualni. Nie wszyscy mają oboje rodziców.
- > Edukować i informować w szkołach na tematy związane z LGBTQI+. W sposób otwarty i bez uprzedzeń powinno rozmawiać się na temat różnych rodzajów rodzin.



Dæmi um mismunun á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna

Í listkennslu í skóla fá allir nemendur það verkefni að búa til gjöf fyrir mömmu. Halldóra, sem er nemandi í skólanum, á hins vegar tvo pabba. Eðlilegra hefði verið að verkefnið væri að búa til gjöf fyrir foreldri.

Przykład dyskryminacji ze względu na orientację seksualną, tożsamość i ekspresję płciową, lub cechy płciowe

W klasie, na lekcji plastyki, uczniowie otrzymali zadanie wykonanie prezentu dla matki. Jedna z uczennic, Halldóra, ma dwóch ojców. Bardziej rozsądne byłoby zadanie zrobienia prezentu dla rodzica.



Trúarbrögð, lífs-, stjórnmálaskoðanir og trúleysi

Óheimilt er að mismuna fólki vegna trúar-, lífs- og stjórnmálaskoðana eða trúleysis. Varast ber að líta svo á að allir sem aðhyllast tilgreind trúarbrögð, lífs- eða stjórnmálaskoðun eða eru trúlausir séu eins.

Reykjavíkurborg skal m.a.:


- > Taka tillit til ólíkra siða sem tengjast mismunandi trúarbrögðum og lífsskoðunum í uppeldis- og tómstundastarfi, menntun og fræðslu á vegum borgarinnar.
- > Gæta þess að ólíkar stjórnmálaskoðanir eða afstaða til trúarbragða og lífsskoðana á hverjum tíma hafi ekki áhrif á hvernig komið er fram við þá sem nota þjónustu borgarinnar.
- > Kynna ólík trúarbrögð, trúleysi og lífsskoðanir í tengslum við nám nemenda og gæta hlutleysis í framsetningu.

Religia, pólglády žyciowe i polityczne, ateizm

Dyskryminacja ze względu na wyznawaną religię, pólglády žyciowe i polityczne lub ateizm jest zabroniona. Nie należy zakládać, że wszystkie osoby są wyznawcami konkretnej religii, mają te same pólglády žyciowe i polityczne lub będące ateistami są tacy sami.

Miasto Reykjavík będzie, między innymi:

- > Brać pod uwagę różne zwyczaje odnoszące się do różnych religii i pólglądów žyciowych w zajęciach wychowawczych i rekreacyjnych, edukacyjnych i szkoleniowych prowadzonych przez Miasto.
- > Upewniać się, że różne pólglády polityczne lub postawy wobec religii i pólglády žyciowe nie wpływają na to, jak traktowanie są osoby korzystające z usług miasta.
- > Rozpowszechniać w sposób bezstronny informacje na temat różnych religii, ateizmu i pólglądów žyciowych w edukacji uczniów.



Dæmi um mismunun vegna trúarskoðana

Einar er á fermingaraldri en ætlar ekki að fermast. Fermingarfræðsla kirkjunnar fer fram á skólatíma og á meðan flestir krakkarnir í bekknum fara þangað fer hann einn á bókasafnið. Honum finnst leiðinlegt á bókasafninu en það er það eina sem honum býðst að gera.

Przykład dyskryminacji ze względu na poglądy religijne

Einar jest w wieku, w którym dzieci przystępują do bierzmowania, ale nie zamierza przystąpić do tego sakramentu. Przygotowanie do bierzmowania odbywa się podczas lekcji. W czasie gdy większość uczniów uczestniczy w przygotowaniach, Einar musi iść sam do biblioteki, z czego nie jest zadowolony, ale nie ma innego wyboru.

Uppruni og þjóðerni

Óheimilt er að mismuna borgarbúum vegna uppruna þeirra, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða vegna hvers kyns flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju.

Varast ber að flokka alla sem falla undir þessar skilgreiningar sem einn hóp. Allir eiga rétt á sams konar viðmóti og framkomu, óháð uppruna eða þjóðerni. Gæta þarf þess sérstaklega að greina stöðu kvenna, karla, hinsegin fólks og fatlaðs fólks af erlendum uppruna í borginni og bregðast við ef á einhvern hópinn hallar.

Reykjavíkurborg skal m.a.:


- > Leitast við að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það fjölmenningarlega samfélag sem er í borginni.
- > Gefa innflytjendum kost á starfstengdu íslenskunámi eftir því sem þörf er á og veita fræðslu um starfsáætlun, þjónustumarkmið og menningu vinnustaðarins.
- > Veita túlkþjónustu þegar hennar er þörf.
- > Gæta þess að börn fái fræðslu um aðra menningarheima til að styðja við gagnkvæma aðlögun.
- > Tryggja þátttöku foreldra af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi barna sinna og aðgengi þeirra að upplýsingum.

Pochodzenie i narodowość

Dyskryminacja za względu na pochodzenie, kolor skóry, narodowość, pochodzenie kulturowe lub jakiejkolwiek innej klasyfikacji mające podłoże rasistowskie jest zabroniona. Nie należy zakładać, że wszystkie osoby należące do konkretnej grupy są takie same. Każdy ma prawo być odbierany i traktowany jednakowo, niezależnie od pochodzenia i narodowości. W szczególności należy zwrócić uwagę na sytuację kobiet, mężczyzn, osób nieheteronormatywnych i osób z niepełnosprawnością obcego pochodzenia.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Dążyć do tego, aby miejsca pracy Miasta Reykjavik odzwierciedlały wielokulturową społeczność w mieście.
- > Dawać obcokrajowcom możliwość nauki islandzkiego powiązanej z pracą, dostosowanej do ich potrzeb oraz szkolenia o planach, celach oraz kulturze miejsc pracy.
- > Zapewniać usługi tłumaczeniowe.
- > Przywiązywać wagę do tego, aby dzieci otrzymywały edukację na temat innych kultur w celu wspierania wzajemnej integracji.
- > Zapewniać uczestnictwo rodziców obcego pochodzenia w pracy szkół i świetlic do których uczęszczają ich dzieci oraz zapewniać im dostęp do informacji.



Dæmi um mismunun vegna þjóðernis eða uppruna

Á leikskóla er barni af litháískum uppruna meinað að tala litháísku við annað barn af sama uppruna.

Starfsmaður í þjónustuveri veitir viðskiptavini af erlendum uppruna ekki sömu upplýsingar og hann veitir íslenskum viðskiptavini. Ástæða þessa er að starfsmaðurinn treystir sér ekki til að veita ráðgjöf á ensku.

Przykład dyskryminacji ze względu na narodowość lub pochodzenie

Dziecku pochodzenia litewskiego zakazano mówienia po litewsku z innymi dziećmi litewskimi w przedszkolu.

Pracownik z działu obsługi klienta nie zapewnia takiej samej jakości usług klientom obcego pochodzenia jak Islandczykom. Pracownik nie czuje się pewnie używając języka angielskiego udzielając porad lub informacji w tym języku.



Umhverfi

Reykjavíkurborg viðurkennir rétt sérhverrar manneskju til að búa í heilnæmu umhverfi sem fólki og lífríki stendur ekki ógn af. Þessi réttur er samfinn rétti manna til lífs, frelsis og mannhelgi. Með heilnæmu umhverfi er átt við umhverfi sem er laust við mengað vatn, andrúmsloft eða jarðveg sem spillir heilsu fólks eða lífríki.

Reykjavíkurborg skal m.a.:

- > Tryggja lífsgæði núlifandi og næstu kynslóða með öflugri umhverfisvernd, menntun til sjálfbærni, sjálfbærri nýtingu auðlinda, markvissum aðgerðum í loftlagsmálum, aukinni endurvinnslu og lágmörkun úrgangs.
- > Búa borgarbúum heilnæmt umhverfi, til dæmis með sérstakri stefnu um sorp, hávaða, loftgæði og líffræðilegan fjölbreytileika sem spornar gegn áhrifum loftslagsbreytinga.
- > Gera ríkar kröfur til borgarbúa og starfsfólks um að minnka vistspor sitt og styðja þau til þess.

Środowisko

Miasto Reykjavik uznaje prawo każdego człowieka do życia w zdrowym środowisku, które nie zagraża ludziom i ekosystemowi. Prawo to stanowi integralną część prawa do życia, wolności i bezpieczeństwa. Zdrowe środowisko oznacza środowisko wolne od zanieczyszczonej wody, powietrza i ziemi, które nie zagraża życiu ludzi i ekosystemowi.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Dążyć do zapewnienia dobrej jakości życia obecnych i przyszłych pokoleń poprzez skuteczną ochronę środowiska, edukację na rzecz zrównoważonego rozwoju, zrównoważonego wykorzystania zasobów, ukierunkowanych działań w kwestiach klimatycznych, zwiększenie recyklingu i zmniejszenia ilości odpadów.
- > Zapewniać mieszkańcom miasta zdrowe środowisko, na przykład poprzez specjalną politykę gospodarowania odpadami, ograniczenie hałasu, poprawę jakości powietrza i różnorodności biologicznej mającej na celu przeciwdziałanie skutkom zmian klimatycznych.
- > Stawiać wysokie wymagania mieszkańcom i pracownikom, aby zmniejszyli swój ekologiczny ślad i wspierać ich w tym.



Dæmi um mismunun sem varðar umhverfi

Mygla kemur upp í vinnustaðahúsnæði á vegum borgarinnar. Einn starfsmaðurinn fær alvarleg öndunarfæraeinkenni og þarf á endanum að vera frá vegna veikinda. Yfirmaður sýnir aðstæðum starfsmannsins ekki skilning og bregst of seint við með alvarlegum afleiðingum fyrir starfsmanninn.

Przykład dyskryminacji dotyczącej środowiska

W jednym z miejsc pracy należących do miasta odkryto pleśń. Jeden pracownik doświadcza poważnych objawów zaburzeń oddychania i ostatecznie zmuszony jest do pójścia na zwolnienie chorobowe. Jego przełożony nie okazuje zrozumienia i reaguje zbyt późno, co skutkuje poważnymi konsekwencjami dla zdrowia pracownika.



Öryggi

Reykjavíkurborg viðurkennir rétt sérhverrar manneskju til að búa við frið og öryggi. Í friðsamlegu umhverfi býr fólk við öryggi en ekki stríð, frelsisskerðingu, ógn eða áreitni af einhverju tagi. Allir borgarþátttakendur skulu geta ferðast um borgarlandið án þess að öryggi þeirra sé ógnað.

Reykjavíkurborg skal m.a.:

- > Skipuleggja aðgerðir sem draga úr eða uppræta hættur í umhverfinu, svo sem með því að gæta að öryggi mannvirkja og lýsinga.
- > Fræða starfsfólk um einelti, áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað, þar með talið gagnvart þjónustunotendum borgarinnar.
- > Sjá til þess að á vinnustöðum borgarinnar sé ekki að finna meiðandi eða ögrandi efni, svo sem kynferðislega meiðandi efni eða efni sem sýnir fordóma í garð einhvers hóps enda getur það haft slæm áhrif á líðan fólks á vinnustað.

Bezpieczeństwo

Miasto Reykjavik uznaje prawo każdego człowieka do życia w pokoju i bezpieczeństwie. W pokojowym środowisku ludzie żyją w bezpieczeństwie, bez wojen, bez ograniczenia wolności, bez niebezpieczeństwa w jakiegokolwiek formie. Wszyscy mieszkańcy powinni mieć możliwość przemieszczania się po całym mieście bez jakiegokolwiek zagrożenia dla ich bezpieczeństwa.

Miasto Reykjavik będzie, między innymi:

- > Organizować działania mające na celu zmniejszenie lub wyeliminowanie zagrożeń w otoczeniu, poprzez ochronę bezpieczeństwa obiektów i oświetlenia.
- > Kształcić pracowników w zakresie rozpoznawania znęcania się, molestowania i molestowania seksualnego i przemocy w miejscu pracy, wliczając w to osoby korzystające z usług.
- > Zapewniać, aby w miejscach pracy miasta nie było żadnych szkodliwych lub obraźliwych materiałów tj., z podtekstem seksualnym, lub materiałów wyrażających jakieś uprzedzenia wobec pewnej grupy, ponieważ może to mieć negatywny wpływ na ludzi i ich samopoczucie w miejscu pracy.



Dæmi um mismunun sem varðar öryggi

Samstarfsmaður kemur upp að samstarfsskonu á vinnustað og segir henni að hún sé mjög lík ákveðinni undirfatafyrirsætu. Konan upplifir sig nakta og berskjaldaða og ekki örugga á vinnustaðnum. Seinna fær hún mynd af fyrirsætunni í tölvupósti frá karlinum og umræða kemur upp um þetta á kaffistofunni löngu síðar. Konan reynir að líta á þetta sem „kjánaskap“ en upplifir skömm. Atvikið situr enn í henni mörgum árum seinna.

Tryggvi vinnur næturvaktir á sambýli fyrir fullorðin fólk með einhverfu. Máni, einn íbúanna á sambýlinu, á oft erfitt með að tjá óánægju sína með venjur annarra íbúa. Stundum lætur hann óánægju sína í ljós með því að kasta hlutum innandyra. Tryggvi hefur ekki fengið góða fræðslu um hvernig hann eigi að hafa samskipti við Mána og finnst hann ekki vera öruggur þegar hann er einn á vaktinni.

Przykład dyskryminacji

Pracownik podchodzi do jednej z współpracownic i mówi jej, że przypomina mu ona jedną z modelek z reklamy bielizny. Kobieta czuje się niekomfortowo, wyeksponowana i bezbronna. Później otrzymuje mailem zdjęcie tej modelki od tego samego kolegi, rozmowa o tym toczy się również w kafeterii pracowniczej. Kobieta próbuje nie brać tego poważnie, ale odczuwa wstyd. Wiele lat później ten incydent nadal w niej tkwi.

Tryggvi pracuje na nocną zmianę w domu opieki dla dorosłych osób z autyzmem. Máni, jeden z mieszkańców domu, ma często kłopot z wyrażeniem swojego niezadowolenia z zachowania innych mieszkańców. Swoje niezadowolenie wyraża czasami rzucając przedmiotami w pomieszczeniach. Tryggvi nie otrzymał odpowiedniego szkolenia na temat, w jaki sposób powinien reagować na takie zachowanie oraz co należy robić, aby nie czuć się w niebezpieczeństwie podczas nocnych zmian.

Hafðu samband



Mannréttindaskrifstofan tekur við ábendingum og athugasemdum frá borgarbúum, starfsfólki borgarinnar og gestum hennar um brot á mannréttindastefnunni.

- > Langar þig til að vita meira um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?
- > Vilt þú panta fræðslu frá mannréttindaskrifstofunni fyrir þinn vinnustað?
- > Vilt þú fá aðstoð við að vinna að jafnréttisáætlun fyrir þinn vinnustað?
- > Vilt þú fá ráðgjöf tengda þeim þáttum sem mannréttindastefnan nær til?
- > Telur þú þig hafa orðið fyrir mismunun í þjónustu Reykjavíkurborgar?
- > Telur þú að Reykjavíkurborg sem stjórnvald hafi brotið gegn rétti þínum?
- > Hefur þú orðið vitni að því að starfsmanni hjá Reykjavíkurborg hafi verið mismunað?
- > Hefur þú hugmyndir um það sem betur má fara í málum sem tengjast mannréttindum hjá Reykjavíkurborg?
- > Starfar þú fyrir félagasamtök eða annað sveitarfélag og hefur áhuga á samstarfi til eflingar á mannréttindum?

Skontaktuj síu nami

Biuro Praw Człowieka i Demokracji przyjmuje wszelkie komentarze i uwagi od mieszkańców, pracowników miejskich i gości dotyczących naruszenia Polityki Praw Człowieka.

- > Czy chcesz wiedzieć więcej na temat Polityki Praw Człowieka Miasta Reykjavík?
- > Chciałbyś zorganizować spotkanie edukacyjne z pracownikami Biura Praw Człowieka w swoim miejscu pracy?
- > Potrzebujesz pomocy w opracowaniu planu działania na rzecz równości dla swojego miejsca pracy?
- > Potrzebujesz porady na temat problemów poruszanych w Polityce Praw Człowieka?
- > Czy jesteś dyskryminowana/y przez miasto Reykjavík w jakichkolwiek usługach udzielanych przez Miasto?
- > Czy uważasz, że Reykjavík jako organ administracyjny naruszył twoje prawa?
- > Czy byłeś/eś świadkiem dyskryminacji pracownika miasta w miejscu pracy?
- > Czy masz pomysły, jak lepiej realizować założenia dotyczące praw człowieka w Reykjavíku?
- > Czy jesteś aktywny w stowarzyszeniach lub pracujesz w innej gminie i jesteś zainteresowany współpracą w promowaniu praw człowieka?



Ef svarið er **JÁ hafðu þá samband:**

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Ráðhúsi Reykjavíkur

Tjarnargötu 11

101 Reykjavík

Sími: 411 4111

mannrettindi@reykjavik.is

www.reykjavik.is/mannrettindi

Jeśli Twoja odpowiedź brzmi **TAK, prosimy skontaktuj się z nami:**

Biuro Praw Człowieka Miasta Reykjavik

Ratusz Miejski

Tjarnargata 11

101 Reykjavik

Tel.: 411 4111

mannrettindi@reykjavik.is

www.reykjavik.is/mannrettindi



Texti: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Myndskreyting: Hugleikur

Hönnun og umbrot: Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

Prentun: Ísafold

Útgefandi: Reykjavíkurborg 2018

Hægt er að panta bæklinginn með því að senda póst á

mannrettindi@reykjavik.is

Tekst: Biuro Praw Człowieka Miasta Reykjavík


Ilustracje: Hugleikur


Projekt i układ: Sigrún Sigvaldadóttir

Druk: Ísafold

Wydawnictwo: Miasto Reykjavík 2018

Zamów broszury **mannrettindi@reykjavik.is**





Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa